



Til:
Efni:
Upplýsingar:

Sigurður@skipulag.is
Re: Fw: Efnistaka Ístaks í Stapafelli. Umsagnarbeiðni
Sent: 28/11/2016 14:55:52 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2016110008, Bréfalyklar: 42-8 um efnisnám og aðrar náttúruauðlindir

Tilvísun í mál: 2016110008

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts, dags. 9. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að matsáætlun vegna efnistöku Ístaks í Stapafelli á Reykjanesi.

Náttúrufræðistofnun gerir eftirfarandi athugasemdir:

Stapafell og Sútur eru talin ein og sama móbergsmyndunin. Jarðmyndunin er eftir neðansjávareldgos frá síðasta jökulskeiði. Í jarðmynduninni er bólstraberg, túff og innskot. Bergið er ólívínþóleiít með misdreifðum ólívíníilum. Móberg er algengt á Íslandi en fágætt á heimsvísu. Náman hefur mikið fræðilegt gildi og verið notuð sem skoðunarstaður fyrir jarðvísindamenn og stúdenta. Sýni frá Stapafelli hafa verið greind og rannsökuð í tengslum við ýmsar rannsóknir sem birst hafa í vísindaritum. Náttúrufræðistofnun telur að vel megi skoða, í frummatsskýrslu, hvort ástæða sé til að varðveita hluta myndunarinnar vegna vísindalegs gildis og fræðslugildis. T.d. að skoða hvort varðveita megi dæmigert snið í gegnum um myndunina, ekki síst bólstrabergið.

Matsáætlunin á eingöngu við efnistöku á vegum Ístaks. Í umsögn um drög að matsáætlun er bent á hvort ekki sé ástæða til að meta samtímis alla efnistöku á svæðinu. Náttúrufræðistofnun er ekki kunnugt um hvort það verði gert eða ekki og í svörum Ístaks kemur fram að það sé ekki þeirra að svara fyrir aðra leyfishafa á svæðinu. Engu að síður virðist í tillögu að matsáætlun gert ráð fyrir að bæði Sútur og Stapafell hverfi, sjá myndir á bls. 5 og 13, en það hlýtur þá að vera vegna fleiri en eins leyfishafa?

Á bls. 9 segir „Eins og sjá má á mynd 3 hefur nær öllu framkvæmdasvæðinu verið raskað og því ekki talin þörf á að fjalla um gróður eða fuglalíf á svæðinu.“ Náttúrufræðistofnun telur að þrátt fyrir að það sé skoðun höfundar matsáætlunarinnar að á svæðinu sé ekkert sem þurfi að fjalla um, sem snertir gróður eða fuglalíf, þar sem því hefur verið raskað, þá breytir það ekki því að framkvæmdaraðila ber, í frummatsskýrslu, að færa rök fyrir afstöðu sinni og sýna fram á að hún standist.

Virðingarfyllt

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



----- Forwarded by Trausti Baldursson/NI.IS on 09.11.2016 19:13 -----

From: Sigurður Ásbjörnsson <Sigurdur@skipulag.is>
To: Kristinn Magnússon <kristinn@minjastofnun.is>, "Trausti Baldursson" <trausti@ni.is>, Ríkhartur Friðriksson <rikhardur@hes.is> <rikhardur@hes.is>, Aðalbjörg B. Guttormsdóttir <birnag@umhverfisstofnun.is>, Björn Stefánsson

(bjorn@umhverfisstofnun.is) <bjorn@umhverfisstofnun.is>, "reykjanesbaer@reykjanesbaer.is" <reykjanesbaer@reykjanesbaer.is>, "grindavik@grindavik.is" <grindavik@grindavik.is>

Date: 09.11.2016 14:09

Subject: Efnistaka Ístaks í Stapafelli. Umsagnarbeiðni

Góðir hálsar

Skipulagsstofnun var rétt í þessu að senda ykkur tillögu að matsáætlun vegna efnistöku Ístaks í Stapafelli á Reykjanesi. Með tillögunni fylgir beiðni okkar um umsögn.

Efnistakan er í báðum sveitarfélögunum Grindavík og Reykjanesbæ. Ég sendi ykkur tillöguna í viðhengi ef það mætti verða til að flýta fyrir. Umsagnarfrestur er til 25. nóvember 2016.

Virðingarfyllst,

Sigurður Ásbjörnsson

Sigurður Ásbjörnsson

sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment

Skipulagsstofnun - National Planning Agency

Laugavegur 166, 150 Reykjavík, Ísland - Iceland

sími 595 4100, fax 595 4165

sigurdur@skipulag.is

www.skipulag.is

www.facebook.com/skipulagsstofnun